

Breytingartillögur við lög félags leiðsögumanna

dags: 14.feb.2017

Við undirritaðir leggjum hér með fram eftirfarandi breytingartillögur við núgildandi lög félags leiðsögumanna eins og þau eru birt á vefsíðu félagsins. Markmið breytingartillagna er að einfalda og skerpa á samþykktum félagsins og hlutverki þess. Virðingarfyllst Sigurður A. Armannsson og Jakob S Jónsson

vinsamlega ath að breytingartillaga er lögð fram sem tilbúið vinnuskjal fyrir fundarstjóra með eftirfarandi hætti

:

~~Texti sem er yfirstrikaður falli brott~~

Texti sem er feitletraður bætist við

I. KAFLI

Nafn félagsins, hlutverk og félagsaðild

1. gr. Nafn

Félagið heitir Félag leiðsögumanna. Félagssvæði þess er allt landið og heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr. Hlutverk

Félagið er ~~fagstéttar~~**stéttar**félag leiðsögumanna á Íslandi og stéttarfélag launafólks sem **starfar** við ~~stundar~~ leiðsögn ferðamanna á Íslandi og fararstjórn erlendis.

Tilgangur félagsins er:

- Að sameina innan sinna vébanda ~~faglerða~~ leiðsögumenn á Íslandi.
- Að sameina innan sinna vébanda þá sem starfa við leiðsögn ferðamanna hér á landi og við fararstjórn **Íslendinga** erlendis.
- Að **vera málsvari leiðsögumanna**, vinna að sameiginlegum hagsmunamálum félagsmanna, svo sem með því að semja um kaup og kjör þeirra, bættan aðbúnað við vinnu og gæta þess að ekki sé gengið á lagalegan og samningsbundinn rétt þeirra.
- Stuðla að aukinni menntun og starfshæfni félagsmanna og samvinnu þeirra.
- Að stuðla að góðri umgengni um landið.

3. gr. Aðild

~~Aðild að Félaginu leiðsögumanna getur falist í:~~

~~1. Fagfélagsaðild~~

~~2. Stéttarfélagsaðild~~

~~3. Aukin aðild~~

~~3.1. Fagfélagsaðild~~

Fag Félagsaðild geta öðlast:

1. Þeir sem hafa lokið viðurkenndu leiðsögunámi **til starfa á Íslandi** frá skóla sem mennta- og menningarmálaráðuneytið viðurkennir og kennir samkvæmt gildandi námskrá ráðuneytisins.

~~3.2. Stéttarfélagsaðild Stéttarfélagsaðild geta öðlast:~~

2. Þeir sem stunda **starfa við** leiðsögn ferðamanna á Íslandi

3. Þeir sem stunda **starfa við** fararstjórn á vegum íslenskra fyrirtækja erlendis.

3.3. Aukin aðild

Aukna aðild öðlast allir þeir sjálfkrafa sem eru með stéttarfélagsaðild og fagfélagsaðild á sama tíma.

3.4. Önnur skilyrði

Enginn getur orðið félagi í Félagi leiðsögumanna, sem er skuldugur eða stendur á annan hátt í óbættum sökum við annað félag í ASÍ, eða hefur verið vikið úr sambandsfélagi, nema til komi leyfi stjórnar þess félags er hann var áður í.

4. gr. Iðgjald og árgjald

4.1 Fagfélagsaðild

Þeir, sem telja sig eiga rétt á og óska eftir fagfélagsaðild að Félagi leiðsögumanna, skulu senda skriflega umsókn með pósti eða rafpósti.

Í umsókn **um félagsaðild** skal koma fram nafn, kennitala, heimilisfang, símanúmer, netfang og aðrar upplýsingar sem máli skipta.

Umsókn **um félagsaðild** skal fylgja staðfesting leiðsöguprófs frá skóla **sem býður upp á nám í samræmi við Evrópustaðal um menntun leiðsögumanna, eða staðfest yfirlit yfir starfsferil við leiðsögn ferðamanna á Íslandi hafi umsækjandi ekki lokið leiðsögunámi örf við sem mennta- og menningarmálaráðuneytið viðurkennir og kennir samkvæmt gildandi námskrá ráðuneytisins.**

Ákvæði til bráðabirgða: Allir þeir sem voru félagar í Fagdeild Félags leiðsögumanna fram að aðalfundi 2007 öðlast sjálfkrafa fagfélagsaðild að Félagi leiðsögumanna með samþykkt þessara laga. Félagar með fagfélagsaðild borga fast fagfélagsgjald (árgjald). Aðalfundur ákveður upphæð fagfélagsgjalds á hverju ári.

4.2. Stéttarfélagsaðild

Allir félagar með stéttarfélagsaðild greiða ákveðinn hundraðshluta af launum **til félagsins í félagssjóð** (stéttarfélagsgjald). Atvinnurekendur draga þetta gjald af launum leiðsögumanns og skila því til Félags leiðsögumanna. Aðalfundur ákveður hlutfall stéttarfélagsgjalds á hverju ári. Lágmarksgjald til að öðlast stéttarfélagsaðild samsvarar hundraðshluta fyrir a.m.k. 15 daga vinnu samkvæmt lægsta taxta félagsins á hverjum tíma. Þessar greiðslur skulu hafa borist á síðastliðnum 12 mánuðum.

Félagar með stéttarfélagsaðild borga ekki fast árgjald.

5. gr. ~~Einyrkjar~~–Sjálfstætt starfandi leiðsögumenn

Þeir sem taka að sér leiðsögn fyrir ferðamenn eða fararstjórn erlendis sem undirverktakar ferðapjónustufyrirtækja geta öðlast ~~fag~~félagsaðild, enda uppfylli þeir þau skilyrði sem lög Félags leiðsögumanna kveða á um (sbr. 3.1. og 4.1.). **og**

~~Þeir geta einnig öðlast stéttarfélagsaðild, enda~~ greiði þeir af launum sínum lögbundin gjöld til félagsins og sjóða þess (sbr. 3.2. og 4.2.). Sem verktakar skulu þeir einnig standa skil á greiðslum atvinnurekanda til sjóða félagsins sbr. gildandi kjarasamning. ~~Þó njóta einyrkjar ekki kjörgengis til trúnaðarstarfa innan félagsins né atkvæðisréttar um kjaramál.~~ Um önnur réttindi fer eftir ~~lögum~~ **samþykktum** og reglugerðum félagsins.

6. gr. Leiðsögumenn eldri en 67 ára

Leiðsögumenn, sem orðnir eru 67 ára og hafa verið félagar í félaginu í þrjú ár hið minnsta áður en þeir hætta störfum, halda félagsaðild sinni þó þeir séu ekki starfandi sem leiðsögumenn og greiða í hvorki stéttarfélagsgjald né fagfélagsgjald. Þeir hafa ekki atkvæðisrétt um kjarasamninga, en um önnur réttindi fer eftir **samþykktum lögum** og ~~reglugerðum~~ félagsins.

Séu þeir starfandi leiðsögumenn eða fararstjórar, ber þeim að greiða hlutfallslegt félagsgjald skv. 4. gr. og halda þá óskertri stéttarfélagsaðild.

6.2 gr. Heimilt er stjórn félagsins að ákveða sérstakt árgjald fyrir fyrrverandi leiðsögumenn og leiðsögumenn sem taka sér hlé frá leiðsögustörfum og halda þeir þá félagsréttindum sínum öðrum en kjörgengi og atkvæðisrétti um kjarasamninga.

7. gr. Merki félagsins.

Merki (logo) félagsins, í hvaða mynd sem er, er eign þess. Einungis félagar sem hafa lokið **leiðsögunámi eða staðist sambærilegar kröfur** ~~með fagfélagsaðild~~ hafa heimild til að bera það. Hvorki er leyfilegt að endurrita félagsmerkið til annarra nota, né sauma það í fatnað eða höfuðföt, án skriflegs leyfis **félagsins stjórnarinnar**. Fyrirtæki sem eingöngu eru með fullgilda, ~~fagmenntaða~~ leiðsögumenn, með staðfesta ~~fag~~félagsaðild í FL **og hafa undirritað samning þess efnis við félagið**, í störfum sem snúa að leiðsögn geta sótt um leyfi **félagsins stjórnar** til að hafa félagsmerki FL í kynningargögnum sínum svo sem prentgripum (prentgögnum) og vefsíðum ~~í kynningu á viðkomandi nafngreindum leiðsögumanni~~ enda sé það gert skv. reglum um notkun merkisins.

II. KAFLI

Réttindi og skyldur félagsmanna, stéttarfélagsgjald og réttindamissir

8. gr. Réttindi félagsmanna.

8.1. Réttindi félagsmanna ~~eingöngu með fagfélagsaðild~~ eru eftirfarandi:

a) málfrelsi, tillögu- og atkvæðisréttur á félagsfundum svo og kjörgengi. ~~Þó njóta þeir ekki atkvæðisréttar í tengslum við kjarasamninga og ekki kjörgengis í kjaranefnd.~~

b) réttur til að bera merki (logo) félagsins við vinnu sína í samræmi við lög **samþykktir** félagsins og ákvarðanir stjórnar. **Þetta gildir um þá lokið hafa prófi úr leiðsögunámi eða með öðrum viðurkenndum hætti**

c) ~~réttur til að skrá sig~~ **Skráning** á lista yfir faglærða leiðsögumenn sem Félag leiðsögumanna útbýr og birtir í auglýsingaskýni **á vefsíðu sinni**.

8.2. Réttindi félagsmanna ~~eingöngu með stéttarfélagsaðild~~ eru eftirfarandi:

a) málfrelsi, tillögu- og atkvæðisréttur á félagsfundum svo og kjörgengi. ~~Þó njóta þeir ekki atkvæðisréttar í tengslum við mennta- og skólamál faglærða leiðsögumanna og ekki kjörgengis í fræðslu, fag- eða skólanefnd.~~

b) atkvæðisrétt um kjarasamninga og verkfallsboðun hafa þeir einir sem greitt hafa a.m.k. fjórfalt lágmarksgjald til að öðlast stéttarfélagadild sbr. gr. 4.2.

c) réttur á greiðslum úr sjóðum félagsins svo sem nánar er kveðið á um í reglugerðum sjóðanna.

d) réttur til aðstoðar félagsins vegna vanefnda atvinnurekenda á kjarasamningum. ~~8.3. Félagsmenn með aukna aðild njóta réttinda skv. 8.1 og 8.2.~~

9. gr. Skyldur

Skyldur félagsmanna:

a) að ~~hlýða lögum~~ **vinna í samræmi við samþykktir** félagsins, fundarsköpum, **fundarsamþykktir um** og samninga ~~um~~ **í öllum atriðum.**

b) að greiða tilskilin gjöld til félagsins.

c) að bera merki félagsins við vinnu sína.

d) að vinna a.m.k. 75 daga á hverju 5 ára tímabili til að halda fagréttindum sínum eða sækja upprifjunar- eða símenntunarnámskeið á tímabilinu. Sinni félagi hvorugu þessara ákvæða, verður nafn hans tekið af félagaskrá. Þessi liður á ekki við óvirka félaga á eftirlaunum.

10. gr. Brottvikning/áminning

Ef félagsmaður er talinn brjóta gegn lögum félagsins eða vinna gegn hagsmunum þess skal málið tekið fyrir á stjórnarfundi sem ákveður með einföldum meirihluta hvort veita skuli áminningu eða víkja beri honum úr félaginu. **Ákvörðun um brottvikningu skal alltaf borin undir næsta aðalfund félagsins til endanlegs samþykkis.** Skjóta má þeim úrskurði til félagsfundar.

11. gr. Stéttarfélagsgjald og fagfélagsgjald

Aðalfundur ákveður stéttarfélagsgjald sem skal vera ákveðinn hundradshluti af öllum greiddum launum frá atvinnurekanda. Aðalfundur ákveður fast fagfélagsgjald á ári hverju.

III. KAFLI. Stjórn, trúnaðarráð og nefndir

12. gr. Stjórn

Stjórn félagsins skal skipuð 7 aðalmönnum, formanni og sex öðrum. Formaður skal kosinn beinni kosningu til tveggja ára í senn, en aðrir stjórnarmenn er kosnir til þriggja ára - tveir í senn. Stjórn skiptir með sér verkum varaformanns, ritara og gjaldkera á fyrsta fundi eftir aðalfund. ~~Formaður skal ævinlega vera með fagfélagsaðild. Af stjórnarmönnum skulu á hverjum tíma að minnsta kosti tveir hafa fagfélagsaðild eða aukna aðild og tveir stéttarfélagsaðild eða aukna aðild.~~ Kosning skal vera hlutfallskosning.

Við val á stjórnarmönnum sé meðal annars horft til þess að kynjahlutfall sé sem jafnast og að stjórnarmenn séu fulltrúar fyrir mismunandi greinar ferðapjónustu.

13. gr. Hlutverk stjórnar

Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn allra ~~félagsmála~~ **málefna félagsins** milli félagsfunda. Stjórnin boðar til félagsfunda og aðalfundar, hún ræður starfsmenn félagsins, ákveður laun þeirra og vinnuskilyrði. Stjórnin ber sameiginlega ábyrgð á eignum og sjóðum félagsins sem og rekstri skrifstofu þess. Stjórn félagsins er skylt að fara að lögum félagsins og ályktunum meirihluta félagsmanna á löglega boðuðum félagsfundum. Samþykki félagsfundur ályktun, sem telst hafa víðtæk áhrif á starfsemi félagsins, er stjórn heimilt að vísa henni til allsherjaratkvæðagreiðslu innan mánaðar frá samþykkt hennar. Við undirbúning allsherjaratkvæðagreiðslu skal þess gætt, að greinargerðir flytjenda samþykkttra ályktunartillagna verði birtar með kjörgögnum. Skylt er stjórn félagsins að stuðla að því að allt er varðar sögu þess sé sem best varðveitt. Láti félagsmaður af trúnaðarstörfum er hann gegnir fyrir félagið er honum skylt að skila af sér öllum gögnum er trúnaðarstörf hans varða.

14. gr. Formaður

Formaður er framkvæmdastjóri félagsins. Formaður kallar **reglulega** saman stjórn **til funda**. Formanni er skylt að kalla saman stjórn óski a.m.k. tveir stjórnarmenn eftir því. Formaður undirritar gerðabækur félagsins og gætir þess að allir stjórnarmenn geri skyldu sína. Formaður hefur eftirlit með starfsemi félagsins og því að lögum þess og samþykktum sé fylgt í öllum greinum. Varaformaður gegnir öllum störfum formanns í forföllum hans.

15. gr. Ritari

Ritari ber ábyrgð á að gerðabækur félagsins séu haldnar og færðar í þær allar fundagerðir og lagabreytingar. Hann undirritar gerðabækur ásamt formanni. Heimilt er að hljóðrita fundi félagsins samþykki fundarmenn það. Ritari ber ábyrgð á birtingu fundargerða félags- og stjórnarfunda á vefsíðum félagsins innan ~~10~~ **tveggja** daga frá hverjum fundi.

16. gr. Gjaldkeri

Gjaldkeri er ábyrgur fyrir eftirliti með bókhaldi, fjárreiðum og innheimtu félagsgjalda. Gjaldkeri skal hafa umsjón með stöðumati einstakra félagsmanna og reikna út punktastöðu þeirra og uppfæra í félagatali fyrir aðalfund ár hvert. Hann skal tilkynna stjórn félagsins um félag, sem hafa ekki uppfyllt skilyrði skv. d-liðar 9. gr. félagslaga.

17. gr. Trúnaðarráð

Í Félagi leiðsögumanna skal starfa trúnaðarráð. Í trúnaðarráði eiga sæti stjórn félagsins, sex félagsmenn og jafn margir varamenn. **Við val í trúnaðarráð skal m.a. horft til kynjahlutfalls og að velja fulltrúa mismunandi hópa innan ferðapjónustunnar.**

Formaður félagsins skal vera formaður trúnaðarráðs og ritari félagsins ritari þess. Formaður kveður trúnaðarráð til fundar með þeim hætti sem hann telur best henta og er trúnaðarráðsfundur lögmætur þegar meirihluti ráðsins sækir fundinn. Formaður getur í nafni félagsstjórnar kallað saman trúnaðarráð stjórninni til aðstoðar þegar ýmis félagsleg vandamál ber að höndum og ekki eru tók á að ná saman félagsfundi og ræður einfaldur meirihluti úrslitum í slíkum málum. **Trúnaðarráð skal kallað til fundar amk einu sinni á ári.**

18. gr. Kjaranefnd

Innan félagsins starfar kjaranefnd skipuð fimm félagsmönnum, ~~þar af þremur með aukna aðild og tveimur með a.m.k. stéttarfélagsaðild.~~ **Val í nefndina skal miða við að þar sitji fulltrúar sem flestra greinar ferðapjónustunnar. (s.s.dagsferðir, hótelferðir, Jeppaferðir, gönguleiðsögn)** Kjaranefnd skal kosin á aðalfundi. Kjaranefnd skal í samstarfi við stjórn félagsins fylgjast náið með launaþróun og breytingum á vinnumarkaði. Kjaranefnd annast kjarasamningagerð fyrir hönd félagsins og getur hún kallað til liðs við sig aðra félagsmenn í þeim tilgangi.

19. gr. Ritnefnd

Innan félagsins starfa ritnefnd skipuð þremur félagsmönnum kosnum á aðalfundi. Hlutverk ritnefndar er að sjá um Fréttabréf Félags leiðsögumanna, sem **gefið er út rafrænt** ~~kemur út~~ a.m.k. tvisvar á ári, þ.e. eitt tölublað að vori og eitt að hausti. Ritnefnd miðlar jafnframt eftir þörfum frétt næmu efni, sem snertir leiðsögumenn á Íslandi, á vefsíðu Félags leiðsögumanna og starfar þar í nánú samstarfi við ritstjóra vefsíðunnar.

Stjórn Félags leiðsögumanna ber ábyrgð á vefsíðu félagsins, jafnt efni hennar sem útliti, og að fréttir og annað efni tengt félaginu birtist fljótt og vel á vefsíðunni. Stjórnin tilnefnir ritstjóra vefsíðunnar úr sínum röðum og starfar hann í nánú samráði við stjórnina og ritnefnd. Ritstjóri og ritnefnd móta vinnureglur fyrir vefsíðuna sem stjórn samþykkir.

20. gr. Fræðslunefnd

Innan félagsins starfar fræðslunefnd skipuð fimm félagsmönnum ~~með fagfélagsaðild~~. Fræðslunefnd skal kosin á aðalfundi félagsins til tveggja ára. Hlutverk fræðslunefndar er að annast fræðslustarf félagsins fyrir ~~faglega~~ leiðsögumenn. Fræðslunefnd efnir til fræðslufunda og námskeiða og birtir fræðsluefni og hagnýtar upplýsingar á heimasíðu **félagsins og sér**

einnig um samskipti við fræðsluaðila sem óska eftir samstarfi við félagið.

21. gr. Skólanefnd

~~Innan félagsins starfar skólanefnd skipuð fimm félagsmönnum með fagfélagsaðild. Skólanefnd skal kosin á aðalfundi félagsins til tveggja ára. Hlutverk skólanefndar er að annast náið samstarf við skóla þar sem leiðsögn er kennd og menntamálaráðuneytið viðurkennir, þ.m.t. Leiðsöguskóla Íslands og Endurmenntun Háskóla Íslands, koma álitum fagmenntaðra leiðsögumanna á skólamáli til skila og vera tengiliður milli félagsins og skólanna.~~

~~Skólanefnd skipar fulltrúa úr sínum röðum í ráðgjafa og/eða skólanefnd ofangreindra skóla, eftir því sem óskað er eftir. Skólanefnd starfar í nánú samstarfi við stjórn Félags leiðsögumanna og skilar stjórn yfirliti yfir starf sitt svo oft sem þurfa þykir en að lágmarki einu sinni að vetri og einu sinni að vori.~~

IV. KAFLI. Fundir og kjör í trúnaðarstöður

22. gr. Félagsfundir

Félagsfundir skulu haldnir þegar félagsstjórn telur þess þörf eða minnst 20 félagsmenn óska þess skriflega við stjórn félagsins og tilgreina fundarefni. Boða skal til fundarins innan tveggja vikna frá því slík beiðni berst. Fundir skulu boðaðir með minnst þriggja daga fyrirvara með tölvupósti en bréflega til þeirra sem ekki hafa gefið upp netfang. Einnig skal birta auglýsingu á heimasíðu félagsins eða félagsblaði Félags leiðsögumanna. Þó má í sambandi við vinnudeilur boða fundi með skemmri fyrirvara. Fundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað. Verði ágreiningur um fundarsköp úrskurðar fundarstjóri hverju sinni með rökstuddum úrskurði í samræmi við almennar reglur um fundarsköp. Óski félagsmaður eftir skriflegri atkvæðagreiðslu á félagsfundi er fundarstjóra skylt að verða við þeirri ósk. Í atkvæðagreiðslum á fundum félagsins ræður einfaldur meirihluti atkvæða nema lög samþykktir félagsins kveði á um annað.

23. gr. Allsherjaratkvæðaisgreiðsla

Allsherjaratkvæðaisgreiðsla skal fara fram:

- þegar stjórn og trúnaðarráð telja mál svo mikilvæg að rétt sé að hafa slíka afgreiðslu.
- þegar greiða þarf atkvæði um kjarasamninga.
- þegar greiða þarf atkvæði um verkfallsboðun. Um framkvæmd alsherjaratkvæðaisgreiðslu fer samkvæmt lögum og reglugerð ASÍ

24. gr. Aðalfundur

Aðalfundur félagsins skal haldinn í febrúar mánuði ár hvert. Aðalfundur skal boðaður með dagskrá með a.m.k. einnar viku fyrirvara. Til fundarins er boðað með tölvupósti en bréflega til þeirra sem ekki hafa gefið upp netfang og er hann lögmætur ef löglega er til hans boðað..

Á hverjum aðalfundi skal liggja frammi endurskoðuð félagaskrá yfir féлага með fagfélagsaðild sem og féлага með stéttarfélag aðild og féлага með aukna aðild. Félagaskrá skal vera fjöluð eða prentuð.

Komi fram tillögur um lagabreytingar skulu þær hafa borist til skrifstofu Félags leiðsögumanna fyrir 15. janúar.

25. gr. Dagskrá

Dagskrá aðalfundar skal vera:

1. Skýrsla félagsstjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári.
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til afgreiðslu.
3. Tillögur um lagabreytingar ef fyrir liggja.
4. Drög að fjárhagsáætlun skal lögð fram og tillaga um stéttarfélagsgjald og fagfélagsgjald.
5. Kosning formanns eða lýsing formannskjörs.
6. Kosning til stjórnar og trúnaðarráðs, sem og í aðrar nefndir (ritnefnd, skólanefnd, fræðslunefnd og kjaranefnd) og trúnaðarstöður.
7. Kosning tveggja félagskjörinna skoðunarmanna reikninga til tveggja ára.
8. Önnur mál.

V. KAFLI

Sjóðir og fjármál

26. gr. Sjóðir

Sjóðir félagsins skulu vera:

1. Félagssjóður.
2. Sjúkrasjóður
3. Endurmenntunarsjóður

Svo og aðrir sjóðir sem stofnaðir kunna að verða.

Allir sjóðir félagsins aðrir en félagssjóður skulu hafa sérstaka reglugerð samþykkt á aðalfundi. Reglugerðum sjóða má aðeins breyta á aðalfundi. Reglugerð hvers sjóðs skal tilgreina hlutverk sjóðsins, hverjar tekjur hans skulu vera, hvernig verja skuli fé hans og hvernig honum skuli stjórnað.

Félagssjóður greiðir allan kostnað af starfsemi félagsins.

Sjóðir félagsins skulu ávaxtaðir á tryggan hátt í ríkisskuldabréfum eða í ríkistryggðum skuldabréfum, í bönkum, í sparisjóðum og skuldabréfum tryggðum með veði í fasteign. Við meiriháttar ráðstafanir á eignum félagsins þarf samþykki félagsfundar.

27. gr. Reikningsár

Reikningsár félagsins skal vera almanaksárið.

28. gr. Endurskoðun.

Tveir félagskjörnir skoðunarmenn reikninga, sem kosnir eru á aðalfundi skulu yfirfara reikninga félagsins fyrir liðið reikningsár og gera athugasemdir við þá. Auk athugunar hinna félagskjörnu skoðunarmanna er stjórn skylt að láta löggiltan endurskoðanda endurskoða reikninga og fjárreiður félagsins í lok hvers reikningsárs. Endurskoðaðir reikningar félagsins og sjóða þess skulu liggja frammi á skrifstofu félagsins í a.m.k. í þrjá daga fyrir aðalfund.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

29. gr. Félagsslit

Félaginu verður ekki slitið nema a.m.k. $\frac{3}{4}$ félagsmanna samþykki það að viðhafðri allsherjaratkvæðagreiðslu.

Stjórn og trúnaðarráð skulu skipa nefnd þriggja félagsmanna auk lögfræðings og löggilds endurskoðanda er komi fram með tillögu um ráðstöfun eigna félagsins við félagsslitin. Greiða skal atkvæði um tillögu nefndarinnar jafnhliða tillögu um félagsslit.

30. gr. Úrsögn

Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg. Hún skal afhent formanni félagsins eða skrifstofu ásamt félagsskírteini og merki félagsmanna.

Enginn getur fengið samþykka úrsögn úr félaginu eftir að atkvæðagreiðsla um vinnustöðvun hefur verið auglýst eða ákvörðun um vinnustöðvun hefur verið tekin af félagsmönnum þar til vinnustöðvuninni hefur verið formlega aflýst.

31. gr. Lagabreytingar

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi félagsins enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði.

Til þess að lagabreytingar nái fram að ganga skulu þær hljóta samþykki $\frac{2}{3}$ hluta atkvæðisbærra fundarmanna.

Lagabreytingar taka **endanlega** gildi að fenginni staðfestingu miðstjórnar ASÍ.

32. gr. Úrsögn úr ASÍ

Um úrsögn úr ASÍ fer skv. lögum ASÍ.

Þannig samþykkt á aðalfundi félagsins, ??? 2017